

Kampselur á Borgarfirði eystra

Skúli Sveinsson hafði samband við Náttúrustofuna 14. maí og lét vita af kampsel sem lá í þarahrönninni í höfninni á Bakkagerði. Selurinn var heimsóttur og myndaður í bak og fyrir. Hann var afskaplega spakur eins og kampselir eru oftast en hugsanlega gæti það þó bent til þess að hann væri ekki í fullu fjör. Borgfirðingar sáu 10-15cm skurð á baki hans sem sést ekki á meðfylgjandi myndum.

Kampselir geta orðið um 3 m langir en þessi var ekki nema rúmur helmingur þess og því ekki fullvaxinn. Hjá kampselum eru það oftast urturnar sem eru stærstar og feitastar. Þar sem þeir eru bundnir rekisnum í Norðurhöfum er ljóst að þessi selur er fjarri heimkynnum sínum. Þeir éta fyrst og fremst lindýr og orma á grunnsævi en líklegt er að "Borgfirðingurinn" fúlsi ekki við hrognkelsi sem mikið er af nú í firðinum.

Kampselur heimsótti smábátahöfnina 2012 og tók Magnús Þorsteinsson í Höfn meðfylgjandi mynd 7. október. Hann veitti Náttúrustofunni góðfúslegt leyfi til að birta hana. Greinilega var þarna ungt dýr á ferðinni eins og nú.



Hér er svo mynd að lokum af fullorðnum kampsel á ísnum við Svalbarða í júníbyrjun.

